

**Mál nr. 300/2016**

**M**  
**og**  
**V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Asparfell í Reykjavík þann 2.9.2016.****Gögn.**

11. Málskot, móttakið 2.9.2016, ásamt fylgigögnum.

12. Tölvubréf V1, dags. 30.9.2016.

13. Bréf V2, dags. 4.10.2016, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A var ekið eftir akleið á bifreiðastæðinu við Asparfell í átt að Norðurfelli. B var ekið þvert á akleiðina frá hægri miðað við akstursstefnu A. Rákust þá saman hægri hlið A aftast við afturhorn og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 10-15 km hraða á klst. Taldi hann að ökumaður B hafi haft biðskyldu þar sem B hafi verið á „hliðarvegi“ á bifreiðastæðinu. Einnig hafi B verið ekið of hratt og ökumaður ekki náð að hemla í tæka tíð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir bifreiðastæðinu og hemlað þegar hann sá A. Kveður ökumaðurinn aðstæður vera slæmar þegar bifreiðastæðið sé fullt af bifreiðum og útsýni lítið til vinstri.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en almennur umferðarréttur hafi gilt þar sem áreksturinn varð. Ökumaður A hafði B á hægri hlið. Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A veitti ekki ökumanni B forgang eins og honum bar. Til þess verður áreksturinn að nokkru rakinn. Ekki verður heldur fram hjá því lítið að ökumaður B sýndi ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast einkum þegar lítið er til þess að útsýni mun hafa verið skert vegna annarra bifreiða þar sem leiðir bifreiðanna skárust. Þá rakst B aftast í hlið A. Ökumaður B á því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Af gögnum málsins virtum er ekki efni til að gera upp á milli ökumanna í sakarmati og verður sök skipt að jöfnu.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 25. október 2016.

---

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.